um endurskoðun varnarsamningsins milli Íslands og Bandaríkjanna.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason, Hannibal Valdimarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að snúa sér til stjórnar Bandaríkjanna og tilkynna henni, að hún óski endurskoðunar á varnarsamningnum milli Íslands og Bandaríkjanna frá 5. maí 1951. Við þá endurskoðun skal stefna ríkisstjórnarinnar m. a. miðast við þessi atriði:

1. Íslenzkir aðilar annist framkvæmdir, sem ákveðnar voru á grundvelli varnarsamningsins frá 1951 og enn er ólokið.
2. Sá hluti Keflavíkurflugvallar, sem eingöngu eða fyrst og fremst þarf að nota í hernaðarþágu, skal girtur og öll almenn umferð um hann bönnuð. Hið sama á við um þau varnarsvæði önnur, sem þegar hafa verið látin í té.
3. Ríkisstjórnin skal þegar hefja undirbúning þess, að Íslendingar taki í sínar hendur rekstur, viðhald og gæzlu þeirra mannvirkja, sem byggð hafa verið eða óbyggð eru á grundvelli varnarsamningsins frá 1951, en leita skal samninga við stjórn Bandaríkjanna eða Norður-Atlantshafsbandalagsins um greiðslu kostnaðar, sem af því hlýzt, og enn fremur um það, að Íslendingum verði látin í té nauðsynleg aðstoð til þess að þeir læri sem fyrst þau störf, sem hér er um að ræða. Ekki skal þó þjálfa Íslendinga til neinna hernaðarstarfa.
4. Þegar Íslendingar hafa menntað starfsmenn til þess að taka að sér þau störf, sem um ræðir í 3. lið, eða ráðið erlenda sérfræðinga til að annast þau, getur Alþingi ákveðið með þriggja mánaða fyrirvara, að herlið Bandaríkjanna skuli hverfa frá Íslandi. Meðan það er enn í landinu, skal það eingöngu dvelja á þeim stöðum, sem það hefur fengið til umráða.

Greinargerð.

Þegar varnarsamningurinn milli Íslands og Bandaríkjanna var gerður vorið 1951, var tvísýnt mjög um alþjóðamál. Ísland hafði tveim árum áður gerzt aðili að Atlantshafsbandalaginu, en engar hernaðarráðstafanir höfðu verið gerðar í landinu. Bækistöðvum þeim, sem hér hafði verið komið upp á styrjaldarárunum, hafði ekki verið haldið við, enda ekki við því búizt, að til þeirra þyrfti að grípa fyrst um sinn. Þegar Ísland var orðið aðili að Atlantshafsbandalaginu og ríki þess höfðu hafið framkvæmd mikillar vígbúnaðar- og varnaráætlunar vegna hins uggvænlega ástands í heimsmálum, hlaut til þess að koma, að gera yrði vissar ráðstafanir hér á landi. Lega landsins er mjög mikilvæg í hernaði. Þaðan er auðvelt að verja siglingaleiðir um norðanvert Atlantshaf og loftleiðir yfir það. Það var því eðlilegt, að hér yrðu gerðar ráðstafanir til þess að tryggja, að þegar í upphafi styrjaldar, sem brjótast kynni út, væru til á Íslandi stöðvar, sem gegnt gætu sams konar hlutverki og í síðasta stríði. Sökum fámennis gátu Íslendingar ekki annazt sjálfir þær framkvæmdir, sem nauðsynlegar voru, enda ekki eðlilegt, að þeir greiddu kostnað af þeim. Þeir gátu og af augljósum ástæðum ekki lagt til það lið, sem stjórn Atlantshafsbandalagsins taldi óhjákvæmilegt að staðsetja í landinu af öryggisástæðum. Þess vegna var varnarsamningurinn við Bandaríkin gerður.

Allir íslenzkir stjórnmálaflokkar höfðu á árunum eftir heimsstyrjöldina lýst því sem stefnu sinni, að Íslendingar ættu ekki að leyfa erlendar herstöðvar í landi sínu á friðartímum. Ýmsir töldu jafnvel, að Íslendingar ættu að taka aftur upp sams konar hlutleysisstefnu og þeir fylgdu fyrir stríð. Með inngöngu Íslands í Atlantshafsbandalagið var þó afráðið að gera slíkt ekki, en sá sáttmáli skyldi gilda í 20 ár. Hins vegar var lögð áherzla á, að af inngöngu Íslands í bandalagið leiddi ekki skyldu þess til að leyfa erlendar herstöðvar í landinu á friðartímum. Ljóst hlaut þó að vera, að

ef gert væri ráð fyrir erlendum herstöðvum í landinu í ófriði, hlyti að verða erfitt að standa gegn því, að þeim yrði komið upp þegar í stað, ef mjög tvísýnt yrði um alþjóðamál, og ómögulegt, ef Ísland væri jafnframt orðið aðili að Atlantshafsbandalaginu. Varð og miklu minni ágreiningur um varnarsamninginn, er hann var gerður vorið 1951, en búast hefði mátt við með tilliti til þeirrar afstöðu, sem stjórnarflokkarnir og vafalaust þjóðin yfirleitt hafði haft til erlendra herstöðva í landinu á friðartímum. Mikill meiri hluti þjóðarinnar viðurkenndi þá breytingu, sem orðið hafði á aðstöðu landsins bæði við inngöngu þess í Atlantshafsbandalagið og vegna ófriðarhættunnar um þetta leyti sem og vígbúnaðarframkvæmdanna, er í kjölfar hennar sigldu.

Flm. þessarar tillögu litu ekki þannig á, að skipun sú, sem tekin var upp með varnarsamningnum frá 1951, ætti að gilda til frambúðar á venjulegum tímum. Þar var um að ræða öryggisráðstafanir á sérstökum hættutímum. Af því hlaut að leiða, að skipun þessi yrði tekin til endurskoðunar, er friðarhorfur yrðu aftur tryggari og aukið jafnvægi kæmist á í alþjóðamálum. Reynsla sú, sem fengizt hefur af framkvæmd samningsins, hefur og í ýmsum atriðum orðið á þann veg, að fyllsta ástæða er til að endurskoða hann.

Flm. þessarar tillögu telja, að utanríkisstefna Íslands hljóti að grundvallast á þeirri staðreynd, að það er lífsskilyrði fyrir Íslendinga, að siglingaleiðunum umhverfis landið sé haldið opnum í ófriði. Íslendingar hljóta því að eiga samleið með þeim þjóðum, sem hafa sömu hagsmuna að gæta að þessu leyti, en það eru einkum Bandaríkjamenn, Bretar og Norðmenn. Samstarf við þessar þjóðir má og vera Íslendingum ljúft að því leyti, að á alþjóðavettvangi hafa þær verið málsvarar lýðræðis og frelsis. Auk þess verður nú að taka tillit til þess, að Ísland er aðili að millirríkjasamningi (Norður-Atlantshafssáttmálanum), sem gilda á til ársins 1969 og leggur landinu vissar siðferðislegar skyldur á herðar. Þar eð aðstaða á Íslandi er í ófriði nauðsynleg til þess að verja siglingaleiðir um norðanvert Atlantshaf og loftleiðirnar um sama svæði, verða Íslendingar að vera reiðubúnir til þess að veita þessum þjóðum aðstöðu til þess, þegar styrjöld skellur á. Í 5. og 6. gr. Norður-Atlantshafssáttmálans er fjallað um ráðstafanir, ef vopnuð árás er gerð á eitthvert bandalagsríkjanna, þ. e. ef styrjöld brýzt út. En þá er rétt, að bandalagið eða Bandaríkin fyrir þess hönd fái hér aðstöðu til varnar. Þetta samstarf við nágrannaþjóðirnar getur einnig haft það í för með sér, að á sérstökum hættutímum verði að heimila hér erlenda öryggisgæzlu, svo sem gert var vorið 1951. En Íslendingar hljóta að áskilja sér rétt til þess að dæma um það sjálfir, hvenær tímar séu svo hættulegir, að slíks sé þörf. Þegar þeir telja þess ekki þörf, verða þeir þó að tryggja, að skilyrðum til nauðsynlegrar aðstöðu hér sé haldið við og nauðsynlegra tækja og mannvirkja gætt. Kostnað af viðhaldi tækja og mannvirkja er eðlilegt, að Norður-Atlantshafsbandalagið eða Bandaríkin greiði.

Það er skoðun flm. þessarar tillögu, að tímabært sé fyrir Íslendinga að hefja samninga um skipun þessara mála, er fremur geti orðið til frambúðar en sú, sem tekin var upp 1951, er erlendu liði var heimiluð vist í landinu. Um það getur varla verið ágreiningur meðal Íslendinga, að ekki sé við það unandi, að í landinu dvelji erlendur her til frambúðar, enda hafa allir þeir flokkar, sem stóðu að varnarsamningnum 1951, lýst yfir því, að þeir óski þess, að vist erlends hers í landinu geti orðið sem skemmst. Spurningin er þá um það tvennt, hvenær tími sé kominn til þess að kveða svo á, að herinn skuli hverfa á brott, og hvaða ráðstafanir þá skuli gera. Flm. þessarar tillögu telja, að það sé þegar orðið tímabært að hefja undirbúning að brottflutningi hersins og ekki komi til nokkurra mála að stofna íslenzkan her til þess að leysa hann af hólmi, enda engin þörf á vist herliðs hér á venjulegum tímum. Rekstur og gæzlu þeirra mannvirkja, sem samkomulag var um 1951, að hér þyrftu að vera, geta annazt tæknimenntaðir menn, þótt þeir hafi enga hernaðarþjálfun. Þess vegna er nauðsynlegt, að undinn sé bráður bugur að því að mennta íslenzka menn til þessara starfa, en ekkert er því að sjálfsögðu til fyrirstöðu, að við þau

vinni einnig erlendir sérfræðingar, meðan skortur er á innlendum mönnum til þeirra. Ekki verður það sagt fyrir fram, hversu langan tíma muni taka að sérmennta nægilega marga Íslendinga til þess að taka þessi störf að sér, svo að ekki er unnt að ákveða, hvenær herliðið skuli allt vera horfið af landinu. Þess vegna er í tillögunni gert ráð fyrir því, að Alþingi geti ákveðið brottflutning hersins með þriggja mánaða fyrirvara. Aðalatriðið er hins vegar, að stefnan sé skýrt mörkuð. En hún á að vera þessi: Íslendingar ætla sér að gegna skyldum sínum sem ein vestrænna lýðræðisþjóða og aðili að Norður-Atlantshafssáttmálanum. Í þágu eigin hagsmuna og hagsmuna nágranna sinna beggja vegna Atlantshafs ætla þeir að stuðla að því, að siglingaleiðir og loftleiðir um norðanvert Atlantshaf verði varðar í ófriði. Það er þeim lífsnauðsyn í styrjöld. En á venjulegum tímum er þeim það einnig lífsnauðsyn sökum fámennis þjóðarinnar og sérstakra kringumstæðna, að erlendur her dveljist ekki í landinu til langframa. Þess vegna vilja þeir nú þegar hefja undirbúning að því að landsmenn taki sjálfir að sér rekstur og gæzlu þeirra mannvirkja og tækja, sem hér hafa verið og þurfa að vera.

Reynsla af því, að bæði erlendir og innlendir verktakar annist varnarframkvæmdirnar, hefur orðið þannig, að rétt þykir að vinna að því, að þær framkvæmdir, sem óunnar eru, verði unnar af íslenzkum aðilum, en það er einkum bygging radarstöðva og nokkrar framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli. Erlendir sérfræðingar yrðu auðvitað að starfa við þessar framkvæmdir eftir þörfum. Jafnframt er nauðsynlegt, að herliðið dvelji eingöngu á svæðum þeim, sem því hafa verið fengin til umráða, þann tíma, sem það á eftir að vera í landinu. Er þetta í samræmi við ályktun, sem miðstjórn Alþýðuflokksins gerði á síðast liðnu vori, en svipaða ályktun hefur flokkur utanríkisráðherrans, Framsóknarflokkurinn, gert.